



SKOÐUN Misráðið er að hafa ekki sérstakan umhverfisráðherra, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Danssveitin GusGus kemur í fyrsta sinn fram á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár. **26**



SPORT Mikilvægi leiks KR-inga í kvöld er meira en margur heldur þegar menn skoða söguna. **20**

SPJALDTÖLVUR FYRIR SUMARIÐ

tl.is
iPad mini
58.990
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
27. maí 2013
122. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Auka öryggi kafara

Þjóðgarðsvörðurinn á Þingvöllum hefur kært norskan kafara sem var bjargað frá drukknun í Silfrú. Auka á öryggi kafara á staðnum. **2**

Hafnfirðingar ósáttir Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði mótmæla aukinni vatnsvinnslu Reykjavíkur og Kópavogs í Vatnsendakrikum. **4**

Feður flengja frekar Ný íslensk rannsókn sýnir að feður eru um tvisvar sinnum líklegri til að flengja börnin sín. **6**

Tré í brennsluofn Nýtt tímabil í skógrækt sem atvinnugrein er hafið. Elkem fær á annað þúsund tonn trjáa til brennslu. **8**



Bolungarvík	2°	NA	8
Akureyri	4°	NA	10
Egilsstaðir	5°	NA	8
Kirkjubæjarkl.	11°	NA	3
Reykjavík	10°	NA	9

Hvassast V-til Í dag má búast við NA 10-15 m/s vestan til en hægari vindi annars staðar. Rigning A- og N-lands, slydda NV-til en úrkumulftíð SV-til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Málal í sumar
Fólk

FÓLK
MÁLAL Í SUMAR
FASTEIGNIR.IS
LANDMARK
100% þjónusta = árangur
Vonduð og falleg eign

next

Samfestingur
Kr. 3.990.-

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200



SYNT Í SJÓNUM Hestamannafélagið Sleipnir hélt árlega sundreið sína á laugardaginn við ströndina á Stokkseyri. „Hér á árum áður var þetta gert til að aflúsa hestana en nú er þetta bara í gamni gert,“ segir Kjartan Ólafsson, formaður Sleipnis. Sjálfur tók hann þátt í sinni fyrstu sundreið fyrir árið 1970 og segir hefðina ná enn lengra aftur.

Meint svik starfsfólks í skattaskjólum könnuð

Fjöldi íslenskra starfsmanna hjá aflandsfélögum í skattaskjólum greiddi ekki skatt á Íslandi. Rannsókn á fjórða tug skattaskjólsmála lokið hjá skattrannsóknarstjóra.

SKATTUR Rannsókn er hafin á meintum skattsvikum tuga einstaklinga sem störfuðu hjá aflandsfélögum í eigu íslenskra aðila í erlendum skattaskjólum. Rannsóknin leiðir af athugun á félögum sem slíkum.

„Við erum yfirleitt ekki að skattleggja aflandsfélög heldur einstaklinga vegna þess ávinnings sem þeir höfðu af því að setja starfsemi sína í aflandsfélög,“ segir Gunnar Thorberg, forstöðumaður rannsóknasviðs. Við rannsókn okkar á örfáum aflandsfélögum úti í heimi kom í ljós að hjá þeim störfuðu margir án þess að greiða skatt hér. Þessum málum erum við að vinna í núna.“

Á fimmta tug svokallaðra skattaskjólsmála hafa verið til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra frá því skömmu eftir hrun.

Rannsókn á fjórða tug mála er lokið og hafa flest fengið endurákvörðun hjá ríkisskattstjóra. Sjö voru send sérstökum saksóknara. Þremur málum var lagt, að sögn Gunnars.

Hann greinir frá því að í sumum málanna sé um að ræða hundraða og jafnvel milljarða króna hagnað sem ekki hafi verið greiddur réttur skattur af. „Rannsóknir þessara mála hafa gengið vel þrátt fyrir að mörg hver hafi verið umfangsmikil og flókin.“

Starfsmönnum embættis skatt-rannsóknarstjóra var fjölgað fljótlega eftir hrun. „Við vorum um 20 og fengum fjármagn til að ráða tíu starfsmenn til viðbótar. Þetta hefur hjálpað gríðarlega mikið en æskilegt væri að við værum fleiri í ljósi verkefnastöðu embættisins. Ég hef starfað hér í 20 ár og hef

Við rannsókn okkar á örfáum aflandsfélögum úti í heimi kom í ljós að hjá þeim störfuðu margir án þess að greiða skatt hér.

Gunnar Thorberg
forstöðumaður rannsóknasviðs
skattrannsóknarstjóra

aldrei upplifað jafnmikinn fjölbreytileika í málum.“

Auk skattaskjólsmála og afleiðuviðskipta, til dæmis gjaldmiðla-skiptasamninga, eru fjöldamörg önnur skattsvikamál til rannsókna. „En það er sérstaklega í sambandi við skattaskjólsmálin sem mörg önnur mál hafa verið opnuð hjá okkur.“

Cannes-hátíðinni er lokið: Hvalfjörður hlaut verðlaun

MENNING Íslenska stuttmyndin Hvalfjörður hlaut sérstök dómnefndarverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannes, sem lauk í gær.

Myndin er eftir Guðmund Örn Guðmundsson og hún er aðeins þriðja íslenska stuttmyndin til að vera valin til þátttöku á hátíðinni.

Franska kvikmyndin Blue is the Warmest Colour hlaut Gullpálmann, aðalverðlaun hátíðarinnar, í ár. Myndin hefur verið umdeild, en í henni er sagt frá ástum lesbískis pars. Amat Escalante var valinn besti leikstjórinn og leikararnir Bruce Dern og Berenice Bejo voru valin best.



HAUKUR FREYR ÁSGEIRSSON Sonur grófumannsins skoðar sig um.

MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

Snjóblásari í vorverkunum: Blæs burt fimm metra sköflum

SAMGÖNGUR „Ég á eftir að fara niður Mjóafjarðarmegin og þar eru nú yfirleitt stærstu skaflarnir. Fúsi á Brekku kom hér á vél-sleðanum sínum í dag og sagðist búast við að þeir yrðu upp undir sjö metrar,“ segir Ásgeir Jónsson sem frá því á þriðjudag hefur rutt snjóalög vetrarins á veginum frá Fagradal í Mjóafjörð.

Ásgeir reynir að hitta á veginn eftir minni því engir gps-punktar eru til um leiðina. „Ég er hálfur Mjófirðingur því móðir mín er fædd þar og er búinn að fara þetta nokkuð oft. Þannig að maður er nokkurn veginn með þetta í hausnum,“ segir hann.

SVO LJÚFT OG LÉTT

1 lítið Vanilluskyr.is
1/2 banani
1/2 sneið af melónu
1/2 pera
dass hreinn
6-8 appelsínusafi
ísmolar

www.skyr.is

SPURNING DAGSINS



Ólafur, er ekki of mikið í lagt að hafa göngin vatnsheld?

„Nei, við Kópavogsbúar viljum hafa allt okkar á þurru.“

Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi VG í Kópavogi, fékk samþykka tillögu um að kannað verði hvort setja megi áformaðan hjóla- og göngustíg yfir Fossvog í gegnsæ og vatnsheld göng í stað þess að brúa voginn.

Engin sérstök hlýindi í kortunum næstu daga en mögulega í næstu viku:

Hlýrra á heiðinni en í Reykjavík

VEÐUR „Það er nú ekki komið neitt sumar þannig, en það má segja að eftir næstu helgi séu góðar horfur. Það er bara svo langt í það að við verðum að sjá hvað verður úr því,“ segir Haraldur Eiríksson veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt langtímaspám verður oft hlýrra á Holtavörðuhéiði en í höfuðborginni á næstu tíu dögum. Haraldur segir það þó ekki óvenjulegt í suðlægum áttum. „Þá er ekkert skrítið að það verði hlýrra jafnvel uppi á heiði en í bænum. Að

jafnaði er nú samt hlýrra í bænum.“

Íslendingar bíða margir hverjir óþreyjufullir eftir sumarveðri, en Haraldur bendir á að samkvæmt almanakinu vari vorið út maí. „Ég sé ekki að það verði sérstök hlýindi á landinu fyrr en seint í vikunni. Það má segja að eftir daginn í dag lægi vindinn og það verði meinlaust og aðgerðalítið veður, en engin sérstök hlýindi. Þau er ekki að sjá nema að það gæti verið orðið dálítið vel hlýtt á Norður- og Norðausturlandi á fimmtudaginn. - þeb



EKKI SUMAR OG SÓL Veðurfræðingurinn minnir á að vorið varir út maí, og svo virðist sem betra veður gæti verið í kortunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Óeirðum að mestu lokið: Leita sökudólga í Stokkhólmi

SVÍPJÓÐ, AP Lögreglan í Stokkhólmi leitar nú þátttakenda í óeirðum undanfarinnar viku. Tilkynt hefur verið um 220 glæpi sem framdir voru í óeirðunum.

Um 60 manns hafa þegar verið handteknir vegna glæpa sem tengjast óeirðunum, en flestum hefur verið sleppt aftur. Kjell Lindgren, talsmaður lögreglunnar, segir að „skipulagðir óeirðaseggir, vanir glæpamenn og unglingar“ hafi tekið þátt í skemmdarverkunum. - þeb



PARÍS Mótmælendur í gær voru um 150 þúsund að sögn lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldmenn mótmæli í París þrátt fyrir að lögin hafi tekið gildi:

Mótmæltu einum hjúskaparlögum

FRAKKLAND, AP Tugir þúsunda komu saman í miðborg Parísar í gær til að mótmæla lögum sem heimila hjónabönd samkynhneigðra.

Lögin tóku gildi í Frakklandi fyrir rúmri viku en þrátt fyrir það var ákveðið að halda mótmælin, en þau höfðu verið skipulögð fyrir löngu. Mótmælendurnir vildu sýna andstöðu sína við lögin sem og andstöðu við Francois Hollande forseta. Hollande gerði lögleiðingu hjónabanda samkynhneigðra að einu helsta kosningaloforði sínu í síðustu kosningum.

Lögreglan í París taldi að 150 þúsund manns hefðu tekið þátt í mótmælunum, en skipuleggjendur segja að yfir milljón manns hafi tekið þátt. 300 þúsund mættu á svipuð mótmæli í mars síðastliðnum.

Um fimm þúsund lögreglumenn voru á vakt í miðborginni í gær því öfgahægrimenn hafa lent í átökum við lögregluþjóna á fyrri mótmælum. - þeb

Íslenskt barn nýlega greint:

Kjötofnæmi færirst í vöxt

Eitt fyrsta tilfelli kjötofnæmis hér á landi greindist nýlega þegar tæplega tveggja ára gamalt barn fékk bráðaofnæmiskast eftir að hafa borðað kjöt.

Kjötofnæmi hefur löngum verið talið fágætt en að sögn ofnæmis-sérfræðingsins og lungnalæknisins Peter Plaschke hefur það verið að færast í vöxt á síðustu árum.

„Ef maður skoðar lengra aftur í tímann; tíu, tuttugu eða þrjátíu ár til baka þegar við vorum að byrja sem ofnæmislæknar urðum við næstum aldrei varir við kjötofnæmi,“ sagði Peter í erindi sínu á ráðstefnu norrænna ofnæmisfræðinga sem hefur farið fram hérlendis síðustu daga. - lvp

Nokkur mál lögð fram:

Sumarþing í næstu viku

STJÓRNMÁL Alþingi verður kallað saman í byrjun næstu viku. Þetta segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Sumarþing mun hefjast 3. eða 4. júní en endanleg dagskrá þingsins liggur ekki fyrir. Ríkisstjórnin ætlar þó að leggja fram nokkur mál og gefa til kynna hverjar áherslur hennar verða í haust. Sigmundur sagði á Stöð 2 í gær að hann ætti von á skattalækkunum, breytingum á veiðileyfagjaldi og leiðréttunum á kjörum öryrkja og aldræðra. Hann á ekki von á stórum aðgerðum í skuldamállum heimilanna á sumarþingi. - þeb

Réttir eigendur taldir missa af Vatnsendafé

Kópavogsbær greiddi fyrir fram 30 milljóna króna afborgun vegna eignarnáms á Vatnsenda þrátt fyrir dóm sem kollvarpaði eignarhaldi Þorsteins Hjaltesteds á jörðinni. Komið í veg fyrir að réttmætir eigendur fái þá greiðslu telja bæjarfulltrúar.

STJÓRNSÝSLA „Ég vil þetta allt upp á borðið,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, um uppgreiðslu bæjarsjóðs á skuldabréfum sem gefin voru út í tengslum við eignarnám á hluta Vatnsendalandsins.

Guðríður, ásamt Hjálmarí Hjálmarssyni, bæjarfulltrúa Næst besta flokksins, óskaði í bæjarráði eftir svári við því hvers vegna Kópavogsbær hafi í desember síðastliðnum greitt upp skuldabréf vegna eignarnámsins þótt afborgarnir væru ekki komnar á gjalddaga. Annað bréfið hafi ekki átt að borgast endanlega upp fyrir en árið 2015.

„Þessi gjörningur vekur athygli þar sem Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu í nóvember 2012 að ábúandi á Vatnsenda væri ekki réttur eigandi jarðarinnar,“ segir í fyrirspurn Guðríður og Hjálmarss. Hæstiréttur staðfesti síðar dóminn um að ábúandinn, Þorsteinn Hjaltested, væri ekki eigandi Vatnsenda heldur dánarbú afa hans, Sigurðar Hjaltested.

Um var að ræða uppgreiðslur á tveimur skuldabréfum sem gefin voru út 1998 og 2000 til fimmtán ára, samtals hátt í 300 milljónir króna. Bærinn greiddi 75 milljónir í desember. Guðríður segir að þar af hafi 30 milljónir ekki verið komnar á gjalddaga.

„Þetta lán var á miklu hærrí vöxtum en við erum annars að greiða. Það er einfaldlega hluti af fjárstýringu bæjarins að greiða upp slík lán,“ útskýrir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. Bréfin hafi borið 6 prósent verðtryggða vexti en bænum bjóðist nú 3 prósent vextir. Svar frá fjármála- stjóra bæjarins verði lagt fram á næsta fundi bæjarráðs.

„Undirrituð furðar sig á því að þegar eignarhald á Vatnsenda er óljóst skuli hafa verið tekin ákvörðun um að greiða upp eftirstöðvar af umræddum skuldabréfum og þannig komið í veg fyrir að



VATSENDA Á meðan afkomendur Sigurðar Hjaltested takast á um eignarhaldið á Vatnsenda heldur Kópavogsbær áfram að gera upp greiðslur til ábúandans í samræmi við samkomulag þar um.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

„Það er einfaldlega hluti af fjárstýringu bæjarins að greiða upp slík lán.“

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

réttmætir eigendur jarðarinnar fái þó þær greiðslur sem enn á eftir að inna af hendi vegna fyrri eignarnáma,“ segir í fyrirspurninni.

„Ég vil fá skýringar á því hver tekur þessa ákvörðun, af hverju og hvers vegna hún er ekki lögð fyrir bæjarráð,“ segir Guðríður. „Ef þessi ákvörðun hefði ekki verið tekin væru enn útistandandi 30 milljónir af þessu bréfi og menn hefðu getað tekið á um hvort þær ættu að renna inn í dánarbúið. Nú virðist eiginlega búið að koma þessum peningum í skjól.“ gar@frettabladid.is

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Þjóðgarðsvörður kærir norskan kafara sem bjargað var frá drukknun í Silfru:

Ákveðin í að auka öryggi kafara

LÖGREGLUMÁL „Við viljum að öllum sé það ljóst að þessar reglur eru tilkomnar vegna hörmulegra slysa og við erum staðráðin í að auka þarna öryggi kafara, um leið og þeir eru velkomnir,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Þetta segir Ólafur um ástæðu þess að hann kærði á laugardag norskan mann á fimmtugsaldri sem hann kveður með naumindum hafa verið bjargað frá drukknun í gjánni Silfru.

Norðmaðurinn er kærður fyrir að brjóta lög og reglugerð um köfun auk reglna um köfun í þjóðgarðinum. Hann kom í fylgd konu sem ók honum á staðinn en kafaði ekki. Hann er sagður brotlegur fyrir að hafa kafað einn síns liðs og án viðeigandi búnaðar, og fyrir að hafa ekki skráð sig og greitt þjónustugjald.

Eins og komið hefur fram djúpkafaði Norðmaðurinn án sùrefniskúts, missti meðvitund og var bjargað á land og lífgaður við af tveimur Íslendingum sem voru einu öðru kafararnir í gjánni. Hann neitaði síðan að vera fluttur í sjúkrahúsið og ók með förunaut sínum aftur í bæinn. Hjá lögreglunni á Selfossi fengu þær upplýsingar einar í gær að rannsókn málsins væri í hefðbundnum farvegi. - gar



SILFRU Skýrar upplýsingar eru um hertar reglur við Silfru en norskur kafari virti þær allar að vettugi á föstudaginn.

MYND/EINAR Á.E. SÆMUNDSEN

4G

NETIÐ
hjá NOVA



OEFUR
HRAÐI

10X

Meiri EN Í
3G

Vertu með pung!

4G pung er hægt að nota á 4G og 3G þjónustusvæði Nova.

4G pungur

6.990 kr.

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verð: 12.990 kr.

4G netþjónusta Nova

Fyrsti mánuðurinn á 0 kr.!

1 GB
1.190 kr.

15 GB
3.990 kr.



Tengdu 10 tæki

4G hnetu er hægt að nota á 4G og 3G þjónustusvæði Nova.

4G hneti

12.990 kr.

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verð í áskrift og frelsi: 19.990 kr.

4G netþjónusta Nova

Fyrsti mánuðurinn á 0 kr.!

1 GB
1.190 kr.

15 GB
3.990 kr.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Þjónustusamningur í áskrift er til 6 mánaða, greitt með kreditkortu auk 325 kr. greiðsludreifingargjalds. Fyrsti mánuðurinn á 0 kr. í áskrift en í frelsi færðu 1 GB fyrsta mánuðinn. **Nánari upplýsingar á nova.is.**

NOVA

GENGID
24.05.2013

	Bandaríkjadalur	123,16	123,74
	Sterlingspund	186,43	187,33
	Evra	159,74	160,64
	Dönsk króna	21,424	21,550
	Norsk króna	21,183	21,307
	Sænsk króna	18,558	18,666
	Japanskt jen	1,2123	1,2193
	SDR	184,14	185,24

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,7684

Hafnirðingar mótmæla áætlun um aukna vatnsvinnslu Reykjavíkur og Kópavogs í Vatnsendakrikum: Gæti lækkað grunnvatnið í Kaldárbotnum

VEITUMÁL Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði segjast ekki með nokkru móti geta fallist á að Orkustofnun heimili aukna vinnslu vatns úr svonefndum Bláfjallastraumi í Vatnsendakrikum.

„Nú þegar liggja sterk rök fyrir því að dæling Orkuveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Kópavogs í Vatnsendakrikum hafi áhrif á grunnvatnshæð í Kaldárbotnum,“ segir í bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þar sem rakið er að bærinn hafi nýtt sjálfrennandi vatn úr Kaldárbotnum síðan 1918 eða í 95 ár.

„Kaldárbotnar eru náttúrulegar lindir

með fyrsta flokks drykkjarvatni sem veita fyrirtækjum og 27.000 íbúum Hafnarfjarðar neysluvatn án þess að utanaðkomandi orku sé þörf. Vatnsbólín í Kaldárbotnum eru í hæsta gæðaflokki, sjálfbær og órofinn hluti af þeirri jákvæðu ímynd sem er á gæðum drykkjarvatns í Hafnarfirði,“ segir umhverfisráðið.

Orkustofnun segir að auk þess sem grunnvatnsstaðan í Kaldárbotnum geti lækkað gæti rennslí Kaldár minnkað svo mikið að áin hreinlega þornaði upp. Áður en lengra sé haldið þurfi Skipulagsstofnun að skera úr um hvort setja þurfi vinnsluna í umhverfismat. -gar



VATNSENDAKRIKAR Girðing um lindirnar í Kaldárbotnum varnar því ekki að grunnvatnið lækki vegna aukinnar vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KOMST Á TOPPINN Vilborg Arna Gissurardóttir kleif hæsta tind Norður-Ameríku á laugardaginn.

Pólfarinn á toppinn:

Vilborg Arna upp Denali

FÓLK Pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir komst á toppinn á Denali, sem er einnig þekkt sem McKinley-fjall, á laugardaginn. Hún greinir frá þessu á vefsíðu sinni, Vilborg.is, þar sem hún segir að toppaðstæður hafi verið á fjallinu en alls tók gangan ellufu og hálf klukkustund.

„Við erum hraust og vel á okkur komin. Við höfum auðvitað fundið fyrir hæðinni, orðið móð og fengið hausverk, en að öðru leyti hress.“

Denali er hæsti fjallstindur Norður-Ameríku, 6194 metrar yfir sjávarmáli, en gangan upp á hann er líður í leiðangrinum Tindarnir sjö, þar sem Vilborg stefnir á að ganga á hæsta fjallstind hverrar heimsálfu á einu ári.

KÓPAVOGUR

Vilja skauta í bænum

Bæjarráð Kópavogs ætlar að láta meta hvort nýta megi einhver mannvirki í bænum fyrir skautaiðkun. Það var Hjálmar Hjálmarsson úr Næst besta flokknum sem lagði fram bókun um að tímabært væri að huga að aðstöðu fyrir skautafólk í Kópavogi.

LEIÐRÉTT

Í frétt blaðsins á laugardaginn um leiksyninguna Hamlet var ranglega haldið fram að sautján ár væru síðan syningin var síðast sett upp hér á landi. Hið rétta er að syningin var síðast sett upp af Leikfélagi Akureyrar árið 2002.

Blæs risasköflum burt eftir minni af Mjóafjarðarheiði

Ásgeir Jónsson hefur eftir besta minni grafið frá því á þriðjudag í gegnum hátt í fimm metra skafla á veginum í Mjóafjörð. Í gær náði Ásgeir efst á heiðina og reiknar með þriggja daga snjóblæstri enn áður en fært er orðið.

SAMGÖNGUR „Þetta er óvenju mikið,“ segir Ásgeir Jónsson sem frá því á þriðjudag hefur verið að ryðja snjóalög vetrarins á leiðinni frá Fagradal ofan í Mjóafjörð.

Vegurinn í Mjóafjörð hefur verið ófær frá því nokkru fyrir jól. Ásgeir reiknar með að blása þurfi snjó af um átján kílómetra kafla.

„Það eru fimm ár síðan ég blés þetta síðast. Það var í byrjun maí. Þá vorum við þrjá daga að fara alla heiðina,“ segir Ásgeir sem í gær náði hápunkti Mjóafjarðarheiðar og reiknar með að minnsta kosti þriggja daga snjóblæstri í viðbót.

„Ég á eftir að fara niður Mjóafjardarmegin og þar eru nú yfirleitt stærstu skaflarnir. Fúsi á Brekku kom hér á vélsleðanum sínum í dag og sagðist búast við að þeir yrðu upp undir sjö metrar. Ég held nú að þeir verði ekki svo háir, ég býst við svona fimm til sex metrum hæst,“ segir Ásgeir sem reynir að hitta á veginn eftir minni því engir gps-punktur eru til um leiðina.

„Ég er hálfur Mjófirðingur því móðir mín er fædd þar og er búinn að fara þetta nokkuð oft. Þannig að maður er nokkurn veginn með þetta í hausnum.“


gar@frettabladid.is



AF NÓGU AÐ TAKA Ærinn starfi fyrir snjóblásara og mann.



BRUGDIÐ Á LEIK Arnar Freyr nær ekki hálfu leið upp úr skaflinum þótt pabbi lyfti honum.



LITID VIÐ HJÁ PABBA Camilla Ýrr og Arnar Freyr heimsóttu pabba sinn í vinnuna uppi á Mjóafjarðarheiði í gær. Tíkin Myrra fylgdi með.

MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

LÆGIR SMÁM SAMAN Horfur eru á strekkingi á vestanverðu landinu í dag en það lægir er líður á daginn og á morgun og miðvikudaginn verður vindur fremur hægur. Það léttir jafnframt til og á morgun verður úrkomulítið að mestu á landinu.

Alicante 21° Berlín 17° Friedrichshafen 18° Las Palmas 22° New York 22° París 18°
 Apena 25° Billund 19° Gautaborg 19° London 16° Orlando 28° San Francisco 16°
 Basel 21° Frankfurt 18° Kaupmannahöfn 19° Mallorca 22° Ósló 18° Stokkhólmur 19°

Á morgun
Austanátt eða breytileg átt.

Miðvikudagur
Suðlægur áttir, og skúrir V-til.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

Til hamingju!

Glænýja Ríkisstjórn, gangi ykkur vel.

Kemur nýja ríkisstjórnin til með að standa við gefið loforð?

Fiskikóngurinn stendur við sín loforð.

Við ætlum að hjálpa heimilum í landinu með því að bjóða gott fiskverð.



1.390

á eftirtöldum tegundum, **kr. kg**

(tilboðið gildir þessa vikuna, 27. maí til og með 1 júní.)

Hlýrasteikur

1.390 kr. kg

Marineraðar
Steinbítssteikur

1.390 kr. kg

Marineraðar
Hlýrasteikur

1.390 kr. kg

Steinbítssteikur

1.390 kr. kg

Löngusteikur

1.390 kr. kg

Marineruð
Langa

1.390 kr. kg

Rauðsprettuflok

1.390 kr. kg

Grill-vertíðin er hafin.

Laxasteikur á
grillið, marineraðar

2.390 kr. kg

Opið laugardag 10–15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar stendur til að setja upp aðflugsljós fyrir Reykjavíkflugvöll?
2. Hvaða fyrrverandi útvarpsstjóri hélt upp á sjötugsafmæli sitt um helgina?
3. Hvaða hlutverk mun Ólafur Darri leika í jólasýningu Borgarleikhússins?

SVÖR:
3. Hamlet

1. Við /Egisti/ 2. Markús Örn Antonsson

Ólafur Tryggvason skipti skrifborðsstólum út fyrir sérútbúið hjól sem hann hefur við skrifborðið: Beitir nýstárlegum aðferðum við æfingar

FÓLK Ólafur Tryggvason hefur skipt skrifborðsstólum út fyrir hjól á meðan hann æfir sig fyrir hjólreiðakeppnina Wow Cyclothon. 27 lið hafa skráð sig til leiks í keppninni, þar sem þátttakendur hjóla í boðsveitaformi hringinn í kringum landið dagana 19. til 22. júní og safna áheitum til styrktar Barnaheilla - Save the children á Íslandi.

Ólafur er liðsmaður í liðinu Expendables Cycling Team og slær tvær flugur í einu högg með því að æfa af fullum krafti á meðan hann sinnir vinnu sinni hjá Opnum kerfum.

„Nútíma karlmenn hafa hreinlega ekki tíma fyrir einhvern leikaraskap og því þarf

maður að beita útsjónarsemi ætli maður að ná árangri. Enda er ágætlega krefjandi verkefni að hjóla hringinn í kringum landið svo allur undirbúningur er göður,“ segir Ólafur en liðið stefnir ekki aðeins á að komast fyrst í mark því Ólafur og liðsfélagar hans ætla líka að vera ofarlega í áheitasöfnuninni.

„Við ætlum að fara alla leið í þessu og það verður mikið fjör í okkur. Við erum á fullu við að undirbúa hressandi efni sem við hendum inn á Facebook-síðuna okkar og hvetjum fólk til að fylgjast með okkur, og auðvitað heita á okkur líka. Til þess er nú leikurinn gerður.“

- jhh



HVERGI SLAKAÐ Á Ólafur Tryggvason æfir sig við skrifborðið fyrir hjólreiðakeppnina WOW Cyclothon sem fer fram í júní.

Sérfræðingur frá Svíþjóð:

Oracle hentar vel fyrir ríkið

STJÓRNSÝSLA Oracle, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, mætir þörfum stjórnvalda og stjórnsýslu og virkni þess uppfyllir kröfur ríkisins í meginatriðum. Ekkert bendir til að betri útkoma hefði fengist fyrir ríkið með því að nýta aðra lausn en þá sem varð fyrir valinu fyrir tólf árum og nota ætti kerfið áfram.

Þetta er niðurstaða óháðrar úttektar á Oracle, eða Orra, en fjármálaráðuneytið réð sænska ráðgjafann Knut Rexed, forstöðumann Statskontoret, til að gera úttektina.

Mikið var fjallað um gagnrýni Ríkisendurskoðunar á kaupum ríkisins á Orra á seinni hluta síðasta árs. Meðal annars var talið að áætlanagerð vegna kaupa og innleiðingar kerfisins hefði verið verulega ábótavart og kostnaðurinn farið langt fram úr áætlun.

- sv

Lögregla í Kaupmannahöfn:

Aðgangsharðar vændiskonur handteknar

DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn handtók átján vændiskonur á Vesturbrú aðfaranótt föstudags. Jótlandspósturinn segir frá.

Að sögn lögreglu höfðu konurnar um nokkra hríð angrað íbúa og vegfarendur með framgöngu sinni, en þær höfðu gengið hart fram í tilboðum sínum og skeytt engu um hvort menn sem genu um hverfið væru í félagskap eiginkvenna eða barna.

Konurnar, sem eru af erlendum uppruna, eru grunaðar um að starfa án atvinnuleysis en lögregla hyggst einnig rannsaka hvort þær séu mögulega fórnarlömb mansals.

- þj



BÚNT AF DÓPI Hér sést farmurinn sem náðist á fimmtudaginn.

MYND/NORSKA TOLLGÆSLAN

Norska tollgæslan:

Tók 380 kíló af khat í bifreið

NOREGUR Norska tollgæslan lagði á fimmtudaginn hönd á 380 kíló af khat í bifreið sem kom frá Svíþjóð. Þetta er stærsti einstaki farmurinn af khat sem norsk yfirvöld hafa tekið.

Khat er planta sem vex aðallega í norðausturhluta Afríku. Lauf hennar eru tuggin eða þau soðin í te til að ná fram örvunaráhrifum. Efnið er ekki ólöglegt alls staðar í Evrópu, en talið er að um 100 tonnum af khatlaufum sé smyglað til Noregs ár hvert. Notkun khats er ekki almenn hér á landi en fyrir tveimur árum fann tollgæslan 58 kíló í farangri manna sem voru á leið vestur um haf og árið 2010 var lagt hald á 39 kíló.

- þj

Tölur Hagstofu Íslands:

Aukinn kaupmáttur í apríl

EFNAHAGSMÁL Kaupmáttur launa jókst um 2,4 prósent í apríl síðastliðnum. Miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Tólf mánaða hækkun kaupmáttar hefur ekki mælst meiri frá því í maí í fyrra.

Að mati greiningardeildar Íslandsbanka gæti aukinn kaupmáttur í mánuðinum skýrt aukna veltu á notkun kreditkorta. Velta jókst um 2,8 að raungildi frá því í apríl í fyrra og debeatortanotkun í innlendum verslunum jókst um 3,6 prósent að raunvirði í apríl miðað við sama mánuð í fyrra.

- þj

Líklegra að feður flengi börnin sín

Ný íslensk rannsókn á reynslu fullorðinna á líkamlegu ofbeldi í æsku sýnir að líkamlegum refsingum barna var minna beitt eftir 1980. Rasskelling reyndist algengasta refsingin hjá feðrum en kinnhestur og fingursláttur hjá mæðrum.

HEILBRIGÐISMÁL Líkamlegum refsingum barna var marktækt minna beitt hér á landi eftir 1980 samkvæmt niðurstöðu nýrrar rannsóknar sem gerð var hér á landi.

Fjallað var um rannsóknina sem gerð var af Geir Gunnlaugssyni landlækni og Jónínu Einarsdóttur mannfræðingi í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Þar kemur fram að markmið rannsóknarinnar hafi verið að skoða reynslu fullorðinna Íslendinga af líkamlegu ofbeldi í æsku, meta umfang hennar, réttlættingu þolenda og áhrif á mat og uppeldi.

Alls tóku 977 einstaklingar eldri en 18 ára þátt í rannsókninni, af 1500 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá. Þeir voru spurðir í símtali um mat á uppeldi sínu, reynslu af fimm tilteknum formum líkamlegra refsinga og umfang þeirra.

Af 968 svarendum mátu 810 að uppeldi þeirra hafi verið gott. Alls sögðu 465 þátttakendur frá bernskureynslu af að minnsta kosti einu formi líkamlegra refsinga og voru flengingar algengastar. Næstalgengasta form líkamlegra refsinga var kinnhestur og hristingar. Þeir sem voru 30 ára og eldri höfðu oft reynslu af kinnhesti.

Alls 27 svarendur sögðu frá öðrum formum líkamlegra refsinga en þeim sem sérstaklega var spurt um. Dæmi um refsingar voru að hafa verið ýtt, hrint, fengið spark í sig, munnur sápuþvegin, köld sturta, drekkingsrathafnir eða að vera barinn með áhöldum, til dæmis herðatré, skóflu eða belti.

Faðir var gerandi hjá 155 svarendum, móðir hjá 142, bæði faðir og móðir hjá 106 og aðrir fullorðnir forsjáraðilar hjá 31. Feður voru samkvæmt rannsókninni líklegri til að hafa beitt syni sína líkamlegum refsingum en dætur og mæður refsðu dætrum sínum oftast en sonum.

Feður voru rúmlega tvisvar sinnum líklegri til að flengja börn sín en mæður. Mæður refsðu oftast en feður með því að gefa kinnhest og slá á fingur. Ekki var marktækur munur samkvæmt rannsókninni á því hvort foreldri hristi börn sín oftast. Þeim sem var refsað oft töldu frekar að refsingin hafi aldrei verið réttlætning og voru líklegri til að telja uppeldi sitt hafa verið slæmt eða ásættanlegt borið saman við þá sem höfðu enga slíka reynslu.

hanna@frettabladid.is



BARN Í nýrri rannsókn kemur fram að feður eru líklegri til að refsa sonum sínum og mæður líklegri til að refsa dætrum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Slæm áhrif ofbeldis í æsku

Rannsóknir sýna að reynsla af ofbeldi í æsku getur haft neikvæð áhrif á heilsu og líðan þolenda til lengri eða skemmri tíma. Í umfangullu Læknablaðsins um nýja íslenska rannsókn kemur fram að 14 til 15 ára unglingar með reynslu af líkamlegum átökum innan veggja heimilisins höfðu marktækt meiri einkenni þunglyndi, kvíða og reiði og voru með lægra sjálfsmat en jafnaldrar sem ekki höfðu orðið fyrir slíkri reynslu.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

2 AF HVERJUM 10 HAFA SAFNAÐ FYRIR HÚSNÆÐI



FYRIR HVERJU LANGAR ÞIG AÐ SAFNA?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.


Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

STEFNIR – SAMVAL er blandaður fjárfestingarsjóður sem nýtir þau fjárfestingartækifæri sem rekstraraðili telur best á markaði hverju sinni. Með því færst virk eignastýring í skuldabréfum, hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum í einum sjóði.

Farðu inn á arionbanki.is/sparnaður og skoðuðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Stefni hf. **Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.**

Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans og fjárfestingarstefnu, má finna í útboðslýsingu, og í útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir.



FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum
bílum á frábæru verði



Tökum notaðan uppi
notaðan! Erum í
sanningsstuði!

HYUNDAI iX35
Nýskr. 10/11, ekinn 18 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 151924

Aðeins kr.
4.490 þús.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/11, ekinn 60 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.790 þús.
Rnr.270247.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/11, ekinn 45 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.260005.



RENAULT KOLEOS 4x4
Nýskr. 09/08, ekinn 62 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.270206.



SUBARU FORESTER PLUS
Nýskr. 06/08, ekinn 103 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.280223.



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX
Nýskr. 06/08, ekinn 67 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 5.390 þús.
Rnr.270246.



BMW X5
Nýskr. 09/07, ekinn 71 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.490 þús.
Rnr.151891.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



HLAÐIÐ Á HAFURSÁ Á hvern bíl fara um 40 rúmmetrar, sem jafngildir 800 trjáum.

MYND/PRÖSTUREYSTEINSSON

Flytja þúsundir trjáa í brennsluofn Elkem

Skógrækt ríkisins flytur næstu vikur mikið magn af grisjunarvið til kísilmálmverksmiðju Elkem á Grundartanga. Viðurinn kemur frá sjö skógræktarsvæðum af öllu landinu. Grisja þyrfti um þrjár milljónir trjáa á landinu ef vel ætti að vera.

SKÓGRÆKT Skógrækt ríkisins afhendir á næstu vikum kísilmálmverksmiðju Elkem á Grundartanga á annað þúsund tonn af lerkibolum sem hafa fallið til við grisjun skóga í öllum landslutum. Verksmiðjan getur nýtt 35.000 tonn af timbri á ári.

Pröstur Eysteinnsson, sviðsstjóri hjá Skógrækt ríkisins, segir þetta eitt dæmi um að nýtt tíma-bil í skógrækt sem atvinnugrein í landinu sé hafið. „Nú eru komnir skógar á Íslandi sem eru orðnir nógu stórir og gamlir til að hægt sé á hagkvæman hátt að vinna efni til nytja. Þar á meðal til málmvinnslu. Samningur okkar við Elkem er um 1.600 rúmmetrar timburs en þeir geta tekið við eins miklu og við komumst yfir að grisja,“ segir Pröstur en grisjunarviðurinn til Elkem kemur frá fimm skógum Skógræktarinnar, auk tveggja ræktunarsvæða

skógræktarfélaganna í öllum landslutum.

Spurður um fjölda þeirra trjáa sem felldu eru í tengslum við verkefnið segir Pröstur að ekki sé langt frá lagi að um 20 tré séu grisjuð fyrir hvern rúmmetra sem fluttur er til Grundartanga. „Þetta eru því um 24.000 tré sem voru felld núna. Við erum gjarnan að fella um þúsund tré á hektara og skilja eftir eitt til tvö þúsund tré. Því hafa verið grisjaðir um 24 til 30 hektarar af skógi til að framleiða þetta magn. Það er reyndar aðeins lítil hluti þess sem þarf að grisja í skógum hér á Íslandi. Það þarf að grisja á milli tvö til þrjú þúsund hektara lands ef vel ætti að vera,“ segir Pröstur sem bætir við að til að komast yfir slíkt verkefni þurfi betri tæki og tól. Ágætis byrjun væri að fá skógarhöggsvél til landsins. Þorsteinn Hannesson, sérfræð-

ingur hjá Elkem, segir að verksmiðjan á Grundartanga geti notað allt að 35.000 tonn af timbri í framleiðslu sinni ár hvert. Grisjunarviður frá Skógræktinni er þar af um 1.200 til 1.500 tonn og frá Sorpu fást sex til tuttugu þúsund tonn af viðarkurlu úr endurunnun timbri, en það magn er mjög breytilegt á milli ára. Það sem upp á vantar af timbri er flutt inn frá Kanada.

„Notkun okkar á timbrinu er þannig að því er blandað við annað hráefni sem fer inn á ofninn og umbreytist þar í viðarkol, og það er kolefnið sem nýtist okkur. Timbrið er hlutlaust í til-liti til kolefnislosunar, en annars þyrfti að nýta kolefni sem graf-íð er úr jörðu; kol, viðarkol eða koks, sem er kolefniseldsneyti úr kolum. Svo þessi leið er umhverfisvæn,“ segir Þorsteinn.

svavar@frettabladid.is

40% afsláttur á boddýhlutum og ljósum

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

ALLIR BODDÝHLUTIR OG
LJÓSERU AFGREIDD Á
KLETTHÁLSI 5



50% afsláttur af boddý-
hlutum sem skemmst hafa
lítillaga í flutningum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

TILBOÐSVERÐ TIL MAÍLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON



20%
afsláttur

af öllum HTH innréttingum í maí!

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á innréttingum í eldhús og baðherbergi – auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld, þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir, framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér **frábært verðtilboð**.

20%
afsláttur af
hágæða AEG
eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

Opið:

Mánudaga–föstudaga frá kl. 10-18, lokað laugardaga.

ORMSSON

ORMSSON

AKUREYRI / Furuvöllum 5 · Sími 461-5000

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821



„Ég hef tekist á við ný verkefni í starfi mínu sem ég hefði aldrei gert nema fyrir tilstilli MBA-námsins“

Margrét Hauksdóttir
Lögfræðingur og forstjóri Þjóðskrár Íslands

Kynntu þér MBA-nám við Háskóla Íslands.

Kynningarfundur **Þriðjudaginn 28. maí kl. 17-18** í stofu 101 á Háskólatorgi.

Skoraðu á þig og taktu skrefið

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

Vissir þú að...
börn ega rétt að leika sér



DETTIFOSS
Fjöl margar náttúru-
perlur á Norðurlandi hafa látið á sjá eftir að ferðamönnum til landsins hefur fjölgað eins og raun ber vitni.

Markaðsstofa Norðurlands hefur áhyggjur af mikilli fjölgun ferðamanna:

Náttúruperlur í hættu bregðist ríkisstjórnin ekki strax við

FERÐAÞJÓNUSTA Stjórnvöld verða að bregðast strax við vaxandi fjölgun ferðamanna hér á landi og hefja vinnu nú þegar við að útfæra gjaldtöku meðal þeirra til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum. Þetta kom fram í ályktun aðalfundar Markaðsstofu Norðurlands sem var birt á fimmtudag. Þar er skorað á nýju ríkisstjórnina að bregðast við yfirvofandi hættu á óafturkræfum náttúruspjöllum sem stöðjar



ARNHEIÐUR
JÓHANNSDÓTTIR

að fjölförnum ferðamannastöðum.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir almenna sátt ríkja innan ferðaðjónustunnar um að koma af stað miðlægrri gjaldtöku með einhvers konar „náttúrupassa“ frekar en að taka gjald af ferðamönnum þegar þeir skoða hverja náttúruperlu fyrir sig. „Það er búið að tala um náttúrupassa í nokkur ár, þar sem verið er að hugsa um miðlæga gjaldtöku sem yrði rúkuð inn,“ segir hún.

„Þá munu ferðamenn sem koma til landsins borga einhverja þúsundkalla sem færu í sameiginlegan sjóð sem nýttist til uppbyggingar á ferðamannastöðum.“

Að mati Arnheiðar ætti að rukka alla ferðamenn sem koma til landsins, hvort sem þeir eru að koma í helgarferð til Reykjavíkur eða hringferð um landið. Nánari útfærsla á rúkkun gjaldsins er ekki komin á hreint, en verður rædd á næstunni.

Að sögn Arndísar eru fordæmi fyrir náttúrupössum erlendis, til dæmis á Galapagoseyjum og vissum svæðum Bandaríkjanna. -sv



Tímalaus klassík
þer aldrei úr tísku

Kaupmannahöfn 2011, Steinunn Vala segir sögu af flottum síma

Ég var að landa samningi við verslunareiganda, ótrúlegan spaða.

Eftir fundinn gerði hann mér tilboð í gamla farsímahlunkinn minn sem var svo retró að menn höfðu ekki séð svoleiðis í langan tíma,

enginn litaskjár, bara pláss fyrir tíu SMS og eini leikurinn var Snake.



Vertu í sterkara sambandi á stærsta farsímaneti landsins

Hagnaður Arion banka dróst verulega saman milli ára:

Slakt uppgjör hjá Arion banka

VIÐSKIPTI Arion banki hagnaðist um 1,4 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi ársins. Þetta er nokkru lakari afkoma en bankinn hefur notið á síðustu misserum. Hagnaður á sama tímabili í fyrra var 4,5 milljarðar til samanburðar.

„Uppgjör fyrsta ársfjórðungs er nokkuð undir væntingum. Þrátt fyrir að vaxtatekjur og þóknatekjur séu í meginatriðum í takt við áætlanir hafa breytingar á verðmæti lána og sérstaklega gengisbreytingar veruleg neikvæð áhrif á upp-

gjörið,“ segir Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka.

Miðað við þessa niðurstöðu var arðsemi eigin fjár bankans 4,3% samanborið við 16,5% á sama tímabili í fyrra. Þá var arðsemi af kjarnastarfsemi 6,3% samanborið við 12,5% í fyrra.

Heildareignir bankans voru 907,5 milljarðar í lok fyrsta ársfjórðungs en voru 900,7 milljarðar í lok síðasta árs. Eiginfjárhlutfall bankans var 24,1% en var 24,3% um áramót. - mþl



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON Bankastjóri segir breytingar á verðmæti lána og gengisbreytingar hafa haft veruleg neikvæð áhrif á uppgjörið.

Fjármálafyrirtæki gætu krafið ríkið um bætur í ljósi álits ESA um gengislán:

Lýsing skoðar réttarstöðu

DÓMSMÁL Fjármögnunarfyrirtækið Lýsing hyggst skoða réttarstöðu sína vandlega í kjölfar álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að íslenskum stjórnvöldum hafi verið óheimilt að banna veitingu gengistryggðra lána í krónum. Stóru bankarnir hafa enga ákvörðun tekið um viðbrögð.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að álit ESA, sem gefið var út á miðvikudag, vekti upp spurningar um bótaábyrgð ríkisins gagnvart innlendum fjármálastofnunum.

Hafði Fréttablaðið þá eftir Tómasi Hrafn Sveinssyni héraðsdómslögmanni að svo gæti farið að bankar sem orðið hafa fyrir tapi vegna endurreikninga gengistryggðra lána í krónum færu að skoða rétt sinn.

20,4

milljarðar króna var tap Lýsingar vegna gengislánadóma Hæstaréttar

Innlendar fjármálastofnanir töpuðu miklum fjárhæðum við gengislánadóma Hæstaréttar. Má nefna sem dæmi að Viðskiptablaðið mat það sem svo í janúar 2011 að dómarnir hefðu kostað Lýsingu 20,4 milljarða króna.


Þór Jónsson, talsmaður Lýsingar, segir að fyrirtækið hafi kynnt sér álit ESA eftir að það var birt á miðvikudag. „Niðurstaða þess er í takti við það sem Lýsing taldi og það gefur augaleið að Lýsing

skoðar núna stöðu sína með hliðsjón af þessari niðurstöðu ESA,“ segir Þór.


Fréttablaðið sendi sömuleiðis fyrirspurnir á stóru bankana þrjá. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka og Arion banka hafa bankarnir enga ákvörðun tekið um hvort brugðist verði við álitinu.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir að bankinn hafi fylgst með málinu en bætir við að því sé ekki lokið, enda þarf ríkið að svara ESA og svo getur málið farið fyrir EFTA-dómstólinn bregðist stjórnvöld ekki við. Þá segir Kristján að Landsbankinn muni einfaldlega fylgjast áfram með málinu og skoða það.

- mþl



Hvað ætlar þú að verða?



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Segðu sögu með

Galaxy S4 eða iPhone 5

Samsung
Galaxy S4

7.290kr.

Á mánuði í 18 mánuði*

119.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka

500

4.990 kr./mán.

500 mín. | 500 SMS | 500 MB



Veldu Snjallpakka sem passar þér!

Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

Sumarglaðningur

3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum snjallpökkum til 31. ágúst.

iPhone 5

7.290kr.

Á mánuði í 18 mánuði*

119.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka

300

3.490 kr./mán.

300 mín. | 300 SMS | 300 MB



Nánar á siminn.is

ENNEMM / SÍA / NIM66736

*Gjaldgjöld 340 kr. bættist við mánaðargjöld.

Síminn



Sjáðu

Steinunni Völu

segja frá

Hættuleg hugmynd innan um margar góðar:

Ekki hræra í aflareglunni

Í sjávarútvegskafli stefnuyfirlýsingar nýju ríkisstjórnarinnar horfir flest til betri vegar. Stjórnin ætlar ekki að fara í neinar kollsteypur á stjórnkerfi fiskveiða eins og sú sem sat á undan henni stefndi að, heldur þvert á móti að búa greininni stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi sem hvetji til fjárfestinga og atvinnusköpunar.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

meði endurnýja að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hins vegar ætlar stjórnin að endurskoða innheimtu veiðigjaldsins, þannig að almenna veiðigjaldið endurspegli afkomu greinarinnar í heild, en það sérstaka taki sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja. Þegar eru komnir í ljós alvarlegir gallar í veiðigjaldskerfinu, sem hafa í för með sér að það leggst afar þungt á einstakar útgerðir, sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki.

Innan um þessar góðu hugmyndir og margar aðrar í sjávarútvegskafli er hins vegar ein varasöm. Hún er orðuð svona: „Stefnt er að því að auka sveigjanleika í nýtingarstefnu án þess að fórnna ábyrgri stjórnun og nýtingu veiðistofna.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sjávarútvegsmála, útskýrði þetta þannig í Fréttablaðinu á föstudag: „Við erum með 20% aflareglu í þorski og það er markmið að setja slíkar reglur á aðrar tegundir til að tryggja sjálfbærni og að menn gangi skynsamlega um auðlindina. Því hefur hins vegar ekki verið mótmælt að það væri hægt að hafa stefnuna sveigjanlegri. Það gæti falist í því að í stað tuttugu prósentanna gæti hlutfallið verið 19 til 23 prósent, svo dæmi sé tekið.“

Uppbygging þorskstofnsins á undanförunum árum er ekki sízt að þakka aflareglunni, sem komið var á 1995. Í sinni núverandi mynd er hún þannig að ekki eigi að veiða meira en 20% af þorski eldri en fjögurra ára, að því gefnu að hrygningarstofninn haldist stærri en 220.000 tonn.

Sjávarútvegsráðherrar undangenginna ára hafa staðizt þrýsting frá ýmsum hagsmunaaðilum um að kreista nokkur þúsund tonnum meira af þorski út úr aflaúthlutuninni með því að víkja frá aflareglunni. Ef aflareglan hefði ekki verið fyrir hendi væri ástandið á stofninum verra en raun ber vitni. Hins vegar hafa ráðherrarnir freistazt til að leyfa á móti meiri veiði úr öðrum nytjastofnum, sem ekki eru jafnmikilvægir og þorskurinn. Afleiðingin hefur verið sú að þeir standa sumir illa, sérstaklega ýsan, og þess vegna er mikilvægt að koma einnig á aflareglu fyrir þessa stofna - helzt sem flesta.

Markmiðið með aflareglu er einmitt að „sveigjanleikinn“ sem stjórnámálameinir eru iðulega hvattir til að nýta sér, sé ekki fyrir hendi, heldur séu þeir varðir fyrir freistingunum með skýrri reglu, sem byggir á vísindalegum rannsóknum.

Það væru mistök að víkja frá þeirri stefnu til að krækja í dálítið meiri fisk til skemmrí tíma. Og færri gegn markmiðum stjórnarsáttmálans um að halda sjálfbærni veiðanna á lofti á alþjóðlegum vettvangi. Það á ekki að krukka í aflaregluna.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þjóðmenningarráðherra

Margir hafa klórað sér í höfðinu yfir þeim miklu hrókingum sem stjórnarsáttmáli gerir ráð fyrir þegar kemur að menningarmálum. Færa á fjölmarga málaflökka undan menntamálaráðuneytinu til forsætisráðuneytis. Þar má nefna Árnastofnun, Þjóðminjasafn, Minjastofnun og ýmislegt fleira. Kveður við nokkuð nýjan tón í þessu, þar sem straumurinn hefur síðustu ár verið í hina áttina, frá forsætis- til mennta- og menningarmálaráðuneytis, með þeim rökum að forsætisráðuneytið eigi að vera samhæfingarráðuneyti en ekki í beinni stjórnarsýslu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður, eftir breyting-



arnar, hins vegar nokkurs konar forsætis- og þjóðmenningarráðherra.

Húsafríðunin heim

Sigmundur Davíð er áhugamaður um skipulagsmál og sérstaklega húsafríðun. Þannig kvað hann sér fyrst hljóðs í pólitíkinni, með rökstuddum skoðunum í skipulagsmálum Reykjavíkurborgar. Það skildi þó ekki vera að þar liggi hundurinn grafinn þegar kemur að fyrrnefndum breytingum? Sigmundur Davíð verður eftir þær orðinn æðsti yfirmaður húsafríðunarmála í landinu og getur því farið að sinna því hugðarefni sínu.


Heimssýn í útrás?

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðisinnar í Evrópumálum, er nokkuð kokhraust eftir úrslit kosninganna og myndun ríkisstjórnar. Í nýlegum pistli á heimasíðu samtakanna er sagt að þau hafi unnið síðustu orrustuna um ESB, en stríðinu sé þó langt í frá lokið. Það verði nefnilega að tryggja að „ESB-daðrinu verði hætta fyrir fullt og fast“. Erfitt er að sjá hvernig það markmið næst, nema með því kannski að banna fólki að vilja að Ísland fari í ESB. Heimssýn boðar hins vegar útrás, vill fara með boðskap sinn til hrjáðra evrubjóða. Það væru hinir einu sönnu útrásarvíkingar.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

elica
COLLECTION

25% AFSLÁTTUR

Elica háfar

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Heimsmeistari í kynjajafnrétti?

JAFNRÉTTI



Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

Síðastliðinn fimmtudag kynnti vinnuhópur Sameinuðu þjóðanna um mismunur gagnvart konum í löggjöf og framkvæmd bráðabirgðaniðurstöður úr heimsókn sinni til Íslands. Í lauslegri þýðingu er yfirskrift skýrslu þeirra „Ekkert rúm fyrir slökun hjá heimsmeistarum í kynjajafnrétti“. Þar vísa þau til að samkvæmt World Economic Forum er jafnrétti kynjanna mest á Íslandi. Þau hrósa Íslandi til dæmis fyrir það hversu vel hafi tekist til við að samræma atvinnu og fjölskyldulíf, kynjaða hagstjórn og löggjöf um kynjakvóta í stjórnun fyrirtækja, bann við kaupum á vændi og ein hjúskaparlög fyrir alla.

Hins vegar telur vinnuhópurinn að á tveimur sviðum sé úrbóta þörf, þ.e. á vinnumarkaði og hvað varðar kynbundið ofbeldi. Gagnrýnir hópurinn m.a. launamun kynjanna sem eigi sér rót í kynskiptum vinnumarkaði og því hversu fáar konur gegni stjórnunarstöðum. Þau gagnrýna einnig að í íslenskum hegningarlögum sé ekki að finna sérstakt ákvæði er taki til ofbeldis í nánnum samböndum (heimilisofbeldis), hversu sjaldan nálgunarbanni sé beitt og til hve skamms tíma það nái.

Þá lýsir vinnuhópurinn verulegum áhyggjum af því að fimm árum eftir athugasemdir kvennanefndar SP varðandi það hversu fá kynferðisbrotamál sem kærð eru til lögreglu enda með saksókn og

→ Þó með sanni megi segja að staða jafnréttismála á Íslandi sé góð miðað við mörg önnur ríki, þá eru þó alvarlegir breistir þar á, svo sem rakið hefur verið hér að framan.

sakfellingu skuli engin breyting hafa orðið þar á. Leggja þau til að stjórnvöld gripi til aðgerða til að bæta refsivörslukerfið. Þau benda einnig sérstaklega á stöðu innflytjendakvenna og hvetja til stuðnings við samtök sem miða að því að gera innflytjendum, einkum konum, mögulegt að taka þátt í efnahags- og félagslífi, sem og opinberu og stjórnmálalífi á Íslandi. Loks hvetur vinnuhópurinn til að sett verði löggjöf um bann við mismunum og að starfsemi Jafnréttisstofnu verði styrkt.

Mannréttindaskrifstofa Íslands tekur heils hugar undir athugasemdir nefndarinnar. Þótt með sanni megi segja að staða jafnréttismála á Íslandi sé góð miðað við mörg önnur ríki, þá eru þó alvarlegir breistir þar á, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Betur má ef duga skal og hvetur Mannréttindaskrifstofan nýja ríkisstjórn til að setja jafnréttis- og mannréttindamál í forgang og gripa til videigandi aðgerða til að taka á þeim úrlausnarefnum sem fyrir liggja.

Varðveisla og vernd

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Áhugi forsætisráðherra á varðveislu og vernd íslensks menningararfis er lofsverður. Íslenska þjóðin er eina fólkið í heiminum með þennan tiltekna menningararf og þetta tiltekna tungumál og hefur skyldur samkvæmt því; okkur ber að sjá til þess að íslenskan deyi ekki út á nýrri tækniöld, eins og gæti hæglega gerst, heldur verði áfram notaðrjúgt, lifandi og skemmtilegt mál.

